

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2506**  
**komudagur 15.5.2012**

Nefndarsvið Alþingis  
 B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
 Austurstræti 8-10  
 150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2012

**Efni: Umsögn Lýsingar hf. um framvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 733. mál**

Lýsing hf. vísar til frumvarps til laga um ökutækjatrýggingar sem er til meðferðar á Alþingi. Óskar Lýsing eftir því að koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið á framfæri. Að öðru leyti vísar Lýsing til umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja.

**I. Varðandi 9. gr. frumvarpsins um vátryggingarskyldu**

Með 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að vátryggingarskylda hvíli eingöngu á eiganda ökutækis en ekki eiganda eða þeim sem hefur varanleg umráð þess.

Lýsing leggst alfarið gegn þessari breytingu er getur haft margvíslegar alvarlegar afleiðingar að mati félagsins.

Í fyrsta lagi flyst ábyrgð á vátryggingu frá þeim sem hefur gert eignarleigusamning um ökutæki við fjármálafyrirtæki yfir á fjármálafyrirtækið sjálft. Jafnvel þótt aðilar semji um annað sín á milli er ljóst að ef viðkomandi hættir að greiða trygginguna flyst möguleg skaðabótaábyrgð vegna tjóns yfir á fjármálafyrirtækið. Með því móti væri Alþingi að auka rekstaráhættu fjármálafyrirtækja, m.a. þeirra sem taka við innlánnum, án þess að nokkur rök mæli með því. Slíkt mun óhjákvæmilega hafa áhrif á þau kjör sem viðskiptavinum fjármálafyrirtækja standa til boða og þar með auka fjármögnunarkostnað einstaklinga og fyrirtækja.

Þessu til viðbótar munu einstaklingar og fyrirtæki ekki geta nýtt sér þau vildarkjör sem bjóðast í vátryggingum sem byggja aðallega á tjónssögu og fjölda trygginga viðkomandi vátryggingartaka. Þannig yrði t.d. tjónlaus einstaklingur að sæta því að kjör hans ráðist af tjónasögu viðskiptavina fjármálafyrirtækisins í heild.

Að auki er vert að hafa í huga að það stendur umráðamanni ökutækis mun nær að sjá til þess að óvátryggt ökutæki sé ekki í umferð en eiganda þess, en langan tíma getur tekið fyrir fjármálafyrirtæki að láta vörslusvipta umráðamann ökutækis sem stendur ekki í skilum. Gæti

Því breytingin leitt til þess að fjármálafyrirtæki neyðist til að gjaldfella slíka samninga mun fyrir en gert er í dag.

Í öðru lagi þarf að skoða hvaða áhrif breytingin hefur á þegar gerða samninga um eignarleigu þar sem aðilar hafa byggt á þeirri forsendu að váttryggingarskyldan hvíli á umráðamanni. Ljóst er að samningar með breytilegum vöxtum munu hækka. Aukin kostnaður fjármálafyrirtækja vegna samninga með föstum vöxtum, s.s. samninga sem höfðu að geyma gengistryggingu, mun hins vegar auka rekstarkostnað fjármálafyrirtækjanna og líklega koma fram í verðlagningu.

Í ljósi framangreinds leggur Lýsing til að 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins verði orðuð á eftirfarandi hátt:

*„Váttryggingarskylda skv. 7. og 8. gr. hvílir á eiganda ökutækis. Heimilt er að semja um að skyldan hvíli á aðila er hefur varanleg umráð ökutækis.“*

Verði ekki fallist á framangreint leggur Lýsing til að orðalag ákvæðisins verði óbreytt frá því sem það er í dag, í umferðarlögum nr. 50/1987, en ákvæðið yrði þá svo hljóðandi:

*„Váttryggingarskylda skv. 7. og 8. gr. hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim sem hefur varanlega umráð þess.“*

## **II. Varðandi 6. gr. frumvarpsins um ábyrgð**

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er það eigandi ökutækis sem ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 4.-5. gr. frumvarpsins nema ökutækið sé notað í algeru heimildarleysi.

Með vísan til þeirra röksemda sem fram koma í lið I., að breyttum breytanda, telur Lýsing rétt að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimilt sé að færa fébótaskylduna yfir á aðila sem hefur varanleg umráð ökutækis með samningi. Leggur Lýsing því til að ákvæðið verði svo hljóðandi.

*„Eigandi ökutækis ber ábyrgð á ökutæki og er fébótaskyldur skv. 4.-5. gr. Fébótaskyldan færast þó yfir á þann sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi. Heimilt er að semja um að skyldan hvíli á aðila er hefur varanleg umráð ökutækis.“*

## **III. Varðandi 10. gr. frumvarpsins um lögveð**

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að váttryggingariðgjald ásamt vöxtum og kostnaði hvíli sem lögveð á ökutæki og gangi í eitt ár framfar öllum öðrum skuldbindingum en sköttum sem á því hvíla.

Í fyrsta lagi standa ekki rök til þess að váttryggingariðgjald skuli njóta lögveðsréttar umfram aðrar skuldbindingar. Aftur á móti getur slíkt haft áhrif á ökutæki sem andlag veðs og möguleika fjármálafyrirtækja til að bjóða viðskiptavinum sínum bílafjármögnun. Er a.m.k. ljóst að verði ákvæðið að lögum muni það hafa áhrif á þau lánskjör sem viðskiptavinum fjármálafyrirtækja bjóðast til hins verra enda þarf að taka mið af þeirri áhættu að lögveð stofnist í ökutækinu og að ökutækið verði hugsanlega selt nauðungarsölu þar sem almennt fæst lægra verð fyrir það en með sölu á frjálsum markaði.

Í öðru lagi þá leiðir ákvæðið til þess að váttryggingarfélag þurfa ekki að huga að þeim kostnaði sem þau stofna til við innheimtu iðgjalda þar sem þau hafa lögveð fyrir öllum þeim kostnaði sem af innheimtu hlýst. Slíkt leiðir eðli máls samkvæmt til minna kostnaðaraðhalds.

Í þriðja lagi skal bent á að ákvæðið er óskýrt og þannig ekki ljóst af orðalagi þess hvort váttryggingarfélag njóti lögveðsréttar í eitt ár frá því fyrsti gjaldagi iðgjalds féll í eindaga án greiðslu eða hvort lögveðsrétturinn gildi sjálfstætt í ár frá hverjum gjalddaga fyrir sig.

Leggur Lýsing því til að ákvæðið verði fellt brott.

Verði ekki fallist á það telur Lýsing rétt að ákvæðinu verði breytt á þann veg að lögveðið nái aðeins til lögbundins váttryggingariðgjalds, en t.d. ekki til húftryggingar. Jafnframt er lagt til að krefjast verði nauðungarsölu innan árs frá því að vanskil verða og undir lögveðið falli aðeins hæfilegur kostnaður. Leggur Lýsing til að ákvæðið verði þá orðað á eftirfarandi hátt:

*„Lögboðið váttryggingariðgjald ökutækis ásamt vöxtum og hæfilegum kostnaði hvílir sem lögveð á ökutækinu og gengur fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á því hvílir nema sköttum til ríkissjóðs í eitt ár frá gjalddaga óuppperðra vanskila.“*

#### **IV. Niðurlag**

Verði ekki fallist á breytingartillögur Lýsingar í efnahags- og viðskiptanefnd telur félagið rétt að efnahags- og viðskiptanefnd láti a.m.k. greina áhrif laganna á fjármálafyrirtæki og mögulega hækkun á fjármögnunarkostnaði einstaklinga og fyrirtækja, þannig að mögulegt sé að bera þá hagsmuni saman við þá hagsmuni sem mæla með samþykki óbreytt frumvarps.

Telur Lýsing að mikilvægt sé að slíkt hagsmunamat liggi ljóst fyrir þegar frumvarpið hlýtur endanlega afgreiðslu á Alþingi.



Lilja Dóra Halldórsdóttir